

## **Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs**

### **17. fundur 14. maí 2003**

Fundur var haldinn í stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs miðvikudaginn 14. maí 2003 í húsakynnum safnsins að Hamraborg 1, 3. hæð, og hófst kl. 14.00.

Fundinn sátu stjórnarmennirnir Hilmar Björgvinsson formaður, Gylfi Gröndal og Hjörtur Pálsson auk Leós Ingasonar héraðsskjalavörðar. Formaður setti fund, en síðan var gengið til boðaðrar dagskrár sem var sem hér segir:

1. Húsnæðismál.
2. Starfsmannamál.
3. Starf safnsins framundan.
4. Önnur mál.

#### **1. Húsnæðismál.**

Lagður var fram undirritaður samningur milli Þorra hf. og Kópavogskaupstaðar f.h. héraðsskjalasafnsins, dags. 1. maí 2003, eins og stjórnin hafði lagt til (sbr. 15. fg., 1.l. og 16. fg., 1.l.). Héraðsskjalavörður kvað reglur um notkun lestrarsalar og afgreiðslutíma þar nánast frágengnar af sinni hálfu (sbr. 16. fg., 2e). Við samningu þeirra hafði hann til fyrirmyndar samsvarandi reglur Landsbókasafns og Þjóðskjalasafns.

#### **2. Starfsmannamál.**

Lagt var fram bréf til formanns, dags. 6. maí og undirritað af bæjarritara, þar sem frá því er skýrt að bæjarráð hafi á fundi sínum 2. maí vísað máli er varðar ráðningu starfsmanns til sumarafleysinga til afgreiðslu menningarstjóra og bæjarritara (sbr. 15. fg., 2.l.).

#### **3. Starf safnsins framundan.**

Formaður spurðist fyrir um stöðu mála vegna sumarleyfa (sbr. 2.l.). Héraðsskjalavörður upplýsti að safninu hefðu verið tryggðir starfskraftar til þess að hafa opið á orlofstímabilinu í sumar. Héraðsskjalavörður verður í sumarleyfi í júní, en stefnt er að næsta fundi í júlílok.

#### 4. Önnur mál.

- a) Lagt var fram til upplýsingar bréf frá Borgarskjalasafni Reykjavíkur, dags. 5. maí sl., vegna endurnýjunar bæklinga frá 1998 um héraðsskjalasöfn.
- b) Héraðsskjalavörður skýrði frá því að borgarskjalavörður í Reykjavík hefði haft samband við sig óskað f.h. Borgarskjalasafns Reykjavíkur eftir samvinnu við héraðsskjalasöfnin í Kópavogi og Mosfellsbæ og Þjóðskjalasafn vegna norræna skjaladagsins í haust. Málið er í athugun, en Borgarskjalasafn er m.a. með hugmyndir um kynningarbás í Kringlunni í tilefni dagsins.
- c) Héraðsskjalavörður minnti á boð Þorsteins Sigmundssonar í Elliðahvammum (sbr. 15. fg., 3.l.) og er hugmyndin að sinna því í sumar.

Fleira gerðist ekki.  
Fundi slitið kl. 15.50.

Hilmar Björgvinsson  
formaður

Hjörtur Pálsson  
ritari

Gylfi Gröndal  
meðstjórnandi

Leo Ingason  
héraðsskjalavörður